

Föstudaginn 25. janúar 1991.

Nr. 44/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Jósep Hjálmar Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald, 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. janúar 1991, sem barst Hæstarétti 24. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist með vísan til kröfugerðar rannsóknarlögreglu ríkisins, forsendna hins kærða úrskurðar svo og 3. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 10. janúar 1991 var varnaraðili úrskurðaður í gæsluvarðhald til miðvikudagsins 23. janúar 1991 kl. 16.00 með vísan til 1. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Með vísan til 3. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Eins og málinu er háttað, er ekki þörf á, að um framkvæmd gæsluvistar fari eftir 2. tölulið 1. mgr. 70. gr. laga nr. 74/1974, en þar segir, að gæslufangar skuli að öllum jafnaði látnir vera í einrúmi. Rétt þykir því að ákveða með heimild í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, að um vistun varnaraðila fari eins og hann væri afplánunarfangi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Jósep Hjálmar Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 6. mars 1991, en gæsluvistun hans skal vera með sama hætti og vistun afplánunarfanga.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. janúar 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 23. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Jósep Hjálmarí Sigurðssyni, kt. 050861-5979, atvinnu- og heimilislausum, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rennur út kl. 16.00 í dag, allt til miðvikudagsins 6. mars nk. kl. 16.00.

Undanfarnar vikur hefur RLR unnið að rannsókn fjölmargra skjalafals- og fjársvikamála, þar sem notaðir hafa verið tékkar, sem horfið hafa í innbrotum og með öðrum hætti úr vörslum eigenda. Í þágu rannsóknar mála þessara var kærði ásamt fleirum úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi. Hefur hann við þá rannsókn játað að hafa frá því í lok desembermánaðar sl. og fyrri hluta þessa mánaðar átt aðild að fölsun og sölu fjölda tékka.

Fyrirhugað er af hálfu RLR að senda ríkissaksóknara mál þau, sem kærði á aðild að, í næsta mánuði. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara eru þar til ákvörðunar kærumál á hendur kærða. Í sakadómi Reykjavíkur eru til meðferðar þrjár ákærur á hendur kærða, sem dagsettar eru 11. ágúst 1989, 5. október og 17. október 1990. Í fyrstnefndu ákærunni er kærða gefinn að sök þjófnaður, einnig í þeirri næstu, en í þeirri síðasttöldu skjalafals.

Þegar sakaferill kærða er virtur í heild sinni, verður að álíta kærða vanaafbrotamann. Hann afplánaði fangelsisdóm frá 22. júní til 19. desember sl. og tók fljótlega eftir það upp þráðinn við brotastarfsemi. Telur dómurinn, að veruleg hætta sé á, að kærði haldi uppteknum hætti, haldi hann óskertu frelsi sínu. Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og skírskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, verður krafa RLR tekin til greina, eins og hún er fram sett. Brot þau, sem kærði er hér grunaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Jósep Hjálmar Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 6. mars nk. kl. 16.00.